

Kirkjubæjarklaustur, 14. ágúst 2019

Efni: Umsögn Z-listans Sól í Skaftárhreppi um Mál nr. S-135/2019, Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, mörk, verndarflokkar, aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar.

### **Inngangur**

Skaftárhreppur er landmikið sveitarfélag og er nokkuð stór hluti þess lands innan Vatnajökuls-þjóðgarðs. Hefur samvinna við þjóðgarðinn gengið vel og starf þjóðgarðsins tryggt sjálfbæra nýtingu á vinsælum ferðamannastöðum á hálandinu svo sem við Laka og í Eldgjá. Jafnframt hefur samstarf við hefðbundna nýtingu lands svo sem beit, smalanir og veiðar gengið vel, öllum til hagsbóta. Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu er mikil áskorun og krefst aukins fjármagns en kostir þess verða markviss vöktun, uppbygging innviða og stýring ferðamanna og mun það skila sér til nærsamfélagsins í ýmsum myndum.

### **Mörk**

Æskilegt er að draga mörkin við þjóðlendur og náttúruverndarsvæði en vinna þarf sérstaklega með landsvæði sem hafa náttúrufarslega sérstöðu og/eða hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

### **Verndarflokkar**

Við flokkun í verndarflokka þarf að huga að mörgum þáttum svo sem líffræðilegum, sögulegum, aðdráttarafli fyrir ferðamenn og nýtingarhefð.

### **Aðkomuleiðir og þjónustueiningar**

Reynslan sýnir að samtal við ferðamenn áður en að náttúruperlum er komið er lykilatriði í verndun. Slíkt hefur verið gert með vegalandvörslu gjarnan við vegamót, vöð eða aðra staði þar sem ferðamenn hægja á ferð sinni. Stefnt er að því að þjónustu verði sinnt út frá starfsemi á Stigi 2 – „Hálendismiðstöðvar“ og Stigi 3 – „Þjónustustaðir á hálandinu“ og eru umsjónarsamningar taldir sem fyrsti valkostur við rekstur þessara staða/stöðva. Ljóst er að til að sómi sé að mun alltaf falla aukakostnaður á rekstaraðila og ekki er víst að slíkir samningar dugi þar sem sinna þarf vegalandvörslu.